

Staðfestingaskýrsla óháðs endurskoðanda

Stjörnuegg hf.

Staðfestingaskýrsla sem veitir takmarkaða vissu um að grænt bókhald vegna starfsemi Stjörnueggs hf. að Vallá sé í samræmi við fjárhagsbókhald félagsins.

Ályktun

Við höfum yfirfarið grænt bókhald Stjörnueggja hf. Byggt á þeim aðgerðum, sem framkvæmdar voru og þeim gögnum sem var aflað, er ekkert sem komið hefur fram sem bendir til þess að grænt bókhald Stjörnueggja hf. sé ekki í öllum meginatriðum í samræmi við fjárhagsbókhald félagsins.

Markmið og umfang vinnu

Markmið staðfestingarvinnu okkar felur í sér skoðun á grænu bókhaldi Stjörnueggja hf. í þeim tilgangi að gefa niðurstöðuskýrslu sem felur í sér takmarkaða vissu um að grænt bókhald Stjörnueggja hf. sé í samræmi við fjárhagsbókhald félagsins.

Við höfum yfirfarið grænt bókhald Stjörnueggja hf. fyrir árið 2021 og borið það saman við fjárhagsbókhald félagsins.

Grundvöllur ályktunar

Við höfum framkvæmt skoðun okkar í samræmi við alþjóðlegan staðal ISAE 3410 sem á við um staðfestingarvinnu á grænu bókhaldi. Markmið staðfestingarvinnunnar er að veita takmarkaða vissu. Ábyrgð okkar samkvæmt staðlinum er lýst nánar í kaflanum “Ábyrgð endurskoðanda” í þessari skýrslu.

Við teljum að þær upplýsingar sem við höfum aflað séu fullnægjandi og viðeigandi sem grundvöllur ályktunar okkar.

Óhæði og gæðastýring

Við erum óháð Stjörnueggjum hf. í samræmi við viðeigandi íslensk lög og siðareglur endurskoðanda.

Við fylgjum alþjóðlegum staðli um gæðastjórnun, ISQC 1 og í samræmi við það er alhliða kerfi gæðaeftirlits viðhaldið, þar með talið skjalfestar stefnur og verklagsreglur varðandi fylgni við siðferðisleg gildi, alþjóðlega staðla og aðrar viðeigandi kröfur laga og reglugerða.

Aðgerðir

Við höfum beitt faglegu mati og viðhaldið faglegri tortryggni í gegnum skoðunina í samræmi við ISAE 3410, siðareglur og óhæðisreglur.

Skoðanir okkar samanstóðu m.a. af eftirfarandi:

- i. Yfirferð á að tölur, sem eru settar fram í skýrslu um grænt bókhald, séu í samræmi við fjárhagsbókhald Stjörnueggja hf. Undirgögn voru skoðuð og fyrirspurnir sendar stjórnendum ef um var að ræða verulegar breytingar á liðum milli ára.

- ii. Að bera kennsl á og meta áhættuna á verulegum rangfærslum á grænu bókhaldi Stjórnueggja hf. fyrir árið 2021, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, að hanna og framkvæma staðfestingarvinnu sem náði yfir skilgreinda áhættu og afla staðfestingargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja ályktun okkar á. Meiri hætta er á að verulegar skekkjur vegna sviksemi uppgötvist ekki fremur en skekkjur vegna mistaka. Ástæða þess er að sviksemin er hönnuð til þess að komast ekki upp, m.a. með ólögmetu samráði, fölsunum, vísvitandi gáleysi, rangfærslum eða sniðgöngu stjórnenda á innra eftirliti.
- iii. Að öðlast skilning á því innra eftirliti sem skiptir máli fyrir staðfestingarvinnuna til að hanna aðgerðir sem eru viðeigandi miðað við aðstæður, en ekki í þeim tilgangi að láta í ljós álit á virkni innra eftirlits félagsins.

Önnur atriði

Staðfestingarvinna okkar felur ekki í sér vissu um aðrar upplýsingar í skýrslu Stjórnueggja hf. um grænt bókhald fyrir árið 2021 en þær sem að ofan greinir. Ályktun nær ekki til annarra upplýsinga og við staðfestum þær ekki á neinn hátt.

Ábyrgð stjórnar

Stjórn Stjórnueggja hf. ber ábyrgð á að framsetning græns bókhalds Stjórnueggja hf. sé í samræmi við fjárhagsbókhald félagsins, og einnig skilgreiningu fyrirhugaðra notanda og viðeigandi viðmiða sem liggja til grundvallar. Ennfremur ber stjórn ábyrgð á því að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar framsetningu á grænu bókhaldi Stjórnueggja. Þannig að grænt bókhald félagsins sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar snýr að því að skipuleggja og framkvæma staðfestingarvinnu þannig að nægjanleg vissa fáiast um að grænt bókhald Stjórnueggja hf. sé án verulegra annmarka til að byggja ályktun okkar á.

Ályktun okkar miðar að því að veita takmarkaða vissu. Aðgerðirnar sem framkvæmdar voru í þessu samhengi fólust fyrst og fremst í fyrirspurnum til stjórnenda og starfsmanna félagsins og mati á áreiðanleika upplýsinga sem liggja til grundvallar grænu bókhaldi Stjórnueggja hf. Takmörkuð vissa veitir ekki eins mikla vissu líkt og fæst af staðfestingarverkefnum þar sem aflað er hæfilegrar vissu.

Skekkjur geta ýmist verið vegna mistaka eða sviksemi. Þær eru taldar verulegar ef þær eru, bæði að hluta og í heild, taldar hafa áhrif á ákvarðanatöku notanda skýrslunnar byggða á grænu bókhaldi Stjórnueggja hf. Mikilvægismörk hafa áhrif á eðli, tímasetningu og umfang staðfestingarvinnunnar og mat á áhrifum óleiðréttá mismuna á ályktun okkar.

Reykjavík 1. júní 2022



Tryggvi Jónsson
Löggiltur endurskoðandi